

Mál nr. 305/2008
M vegna og
V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Hjólhýsi fauk af grunnni sínum á tímabilinu 10-13.desember 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.12.2008 ásamt fylgiskjali 1
2. Bréf V dags 30.12.2008 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

Lögreglu var tilkynnt um hjólhýsi í stærri kantinum hafi fokið af grunni sínum við Leirvogsá en húsið var fullbúið sem dvalarstaður. Vegna tjónsis gerir M kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu Í á þeim grundvelli að Í hafi tekið að sér að festa niður hjólhýsið og trúlega hefði þurft að festa húsið betur niður en gert hafi verið. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ábyrgðartryggingin taki til starfa Í vegna rafvirkjunar en það að festa hjólhýsi falli ekki undir trygginguna. Þá bendir V á sérstök tengsl M og Í auk þess sem að Í sé skráður eigandi umrædds hjólhýsis.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á nokkuð það tilvik sem leitt gæti til bótaskyldu Í á því tjóni sem hér um ræðir. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

Í á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.